

Til viðskiptanefndar Alþingis

Frá Samtökum fjárfesta

Varðar þingmál nr. 95. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Fulltrúi Samtaka fjárfesta hefur kynnst sér þingskjal nr.95. Samtökin telja nauðsynlegt að viðhalda og efla opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Vöxtur í starfsemi fjármálastarfsemi hér á landi hefur verið mjög mikill og það er ekki óeðlilegt að kostnaður við eftirlitsstarfsemi vaxi samhliða.

Það að kostnaður skuli vaxa í svipuðum hlutföllum og starfsemi fjármálafyrirtækja er eðlilegur af fjórum ástæðum:

- Vöxtur útlána og lána til fyrirtækjasamstæðna, sem gera kröfur til að fylgjast vel samsettum áhættum.
- Fjölgun viðskipta með flókna fjármálagerninga, sem krefjast mikils eftirlits af mjög sérhæfðu starfsfólki.
- Það hefur verið mikið launaskrið á fjármálamarkaði og laun starfsfólks í Fjármálaeftirlitinu hlýtur eðli máls samkvæmt að fylgja launum á fjármálamarkaði.
- Erlend starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja leiðir til eftirlits yfir landamæri, sem er kostnaðarsamt, og Fjármálaeftirlitið hefur alþjóðlegu hlutverki að gegna.

Með fjármálafyrirtækjum er átt við banka, verðbréfafyrirtæki, tryggingafélög og lífeyrissjóði.

Samtök fjárfesta telja eðlilegt að Fjármálaeftirlitið verði rekið með nokkrum tekjuafgangi til að geta mætt kostnaði, sem þarf að mæta ef upp koma meiri háttar áföll á fjármálamarkaði.

Samtök fjárfesta gera ekki athugasemdir við álagningarstuðla og álagningarstofna, sem fram koma í frumvarpinu.

Samtök fjármálafyrirtækja mæla með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. Samtaka fjárfesta,

Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri

G S M 895 6280